

URÐUNARSVÆÐI VIÐ BAKKAFJÖRÐ, LANGANESBYGGÐ

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að urðunarsvæði við Bakkafjörð Langanesbyggð sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Langanesbyggðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 772/2012 og starfsleyfi Umhverfisstofnunar í samræmi við ákvæði í eftirtöldum lögum og reglugerðum: Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest Aðalskipulag Langanesbyggðar og deiliskipulag. Skipulagsbreytingarnar eru háðar lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Langanesbyggð og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisaðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 4. mars 2013.

INNGANGUR

Þann 28. desember 2012 var móttækin af Skipulagsstofnun, frá Teikn – ráðgjöf og hönnun f.h. Langanesbyggðar, tilkynning um urðunarsvæði við Bakkafjörð samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og tölulíð 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Langanesbyggðar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Langanesbyggð með bréfi dags. 22. janúar 2013, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 30. janúar 2013 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 22. janúar 2013. Svör við umsögnum bárust frá Teikn – ráðgjöf og hönnun, f.h. Langanesbyggðar, með bréfi dags. 30. janúar 2013.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fram kemur að urðunarsvæðið hafi verið í notkun í um 20 ár og síðastliðin 10 ár samkvæmt starfsleyfi sem heimili urðun á allt að 200 tonnum af neyslu- og rekstrarúrgangi árlega og sé gert ráð fyrir að halda því áfram. Rekstraraðili urðunarsvæðisins sé sveitarfélagið Langanesbyggð og sé úrgangur frá öllu sveitarfélaginu urðaður á svæðinu. Með hámarksnotkun urðunarsvæðisins, samkvæmt starfsleyfisumsókn, sé gert ráð fyrir að svæðið dugi a.m.k. til ársins 2028 en áætlað heildarmagn urðaðs úrgangs geti þá orðið allt að 3200 tonn. Fram kemur að á svæðinu sé urðað flokkað sorp frá heimahúsum og fyrirtækjum, fernur, dagblöð, pappi, bylgjupappi, plast og málmar auk lífræns úrgangs, samkvæmt þriggja tunnu kerfi. Fram kemur að hvorki spilliefni né grófur úrgangur s.s. timbur, brotamálmar, garðaúrgangur, hjólbarðar, gler, postulín og heyrúlluplast séu urðað á svæðinu heldur sé þessi úrgangur fluttur úr sveitarfélaginu til frekari vinnslu.

Áhrif á núverandi landnotkun. Fram kemur að urðunarsvæðið sé í um 550 m fjarlægð frá þéttbýlinu. Það hafi nýlega verið afgirt með eins metra hárrí vírnetsgirðingu og hliði læst. Einnig sé girðing umhverfis geymslusvæði.

Sjónræn áhrif. Fram kemur að úrgangur sé hulinn strax að lokinni urðun og urðunarsvæðið sé ekki sjáanlegt frá íbúðarbyggð.

Áhrif á gróður og fugla. Fram kemur að á framkvæmdasvæðinu sé frekar rýrt mólendi og gróðurfur einkennist af lágvöxnum móa- og melagróðri. Töluvert sé af opnum börðum og lítt grónum svæðum. Jarðvegur sé nokkuð laus í sér og malarblandaður og nokkuð gegndræpur. Áhrif á gróður og fugla séu talin verða óveruleg þar sem stærsti hluti framkvæmdarsvæðisins sé þegar raskaður eða lítið gróinn. Meindýr hafi ekki verið til vandræða. Áhrif verði tímabundin meðan á rekstri svæðisins standi en eftir það verði svæðið hluti opins skógarsvæðis.

Áhrif á vatn. Fram kemur að efst á svæðinu sé klöpp á um 5 metra dýpi en dýpra sé á hana norðar á svæðinu. Laus jarðlög samanstandi aðallega af malarefni en neðan við 5 metra dýpi sé víða komið niður á leirblandnara efni. Þá séu klappir niðri við sjávarbakkann. Svæðinu halli á móti hafi, ásdrog liggja norðan þess og sunnan og mögulegt afrennsli muni því ekki fara nálægt mannabústöðum eða öðrum íverusvæðum. Með markvissri sorpflokkun og endurvinnslu muni draga úr hættu á mengun sigvatns og reglubundin mæling verði á mengandi efnum í sigvatni samkvæmt vöktunaráætlun. Ef losun mengunarvaldandi efna í sigvatni fari yfir viðmiðunarmörk verði fyrirkomulag urðunar yfirfarið m.t.t. hráefna sem urðuð eru á svæðinu og hreinsunarbúnaði komið upp ef þess gerist þörf.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að urðunarsvæðið sé í samræmi Aðalskipulag Skeggjastaðahrepps 2004 – 2024 sem enn sé í gildi en nýtt Aðalskipulag Langanesbyggðar

2007-2027 sé í loka yfirferð. Vinna við tillögu að deiliskipulagi svæðisins sé komin vel á veg og sé hún í samræmi við tillögu að nýju aðalskipulagi.

Framkvæmdaraðili telur að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði óveruleg.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Langanesbyggð, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og Umhverfisstofnun telja ekki líkur á að framkvæmdin hafi umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð að mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á núverandi landnotkun. Sveitarstjórn Langanesbyggðar bendir á að í tilkynningu sé gerð nægileg grein fyrir framkvæmdinni og væntanlegum umhverfisáhrifum hennar, mótvægisáðgerðum, vöktun og samræmi við skipulagsáætlanir.

Áhrif á gróður og dýralíf. Umhverfisstofnun bendir á að talið sé að áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á gróður og dýralíf verði lítil þar sem framkvæmdasvæðið sé ýmist raskað eða lítt gróið.

Áhrif á sigvatn. Umhverfisstofnun bendir á að um sé að ræða tiltölulega lítið magn úrgangs sem urðað verði á svæði sem nýtt hafi verið sl. 20 ár til urðunar. Samkvæmt 16. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs beri viðkomandi rekstraraðila að fylgja áætlun um eftirlit og vöktun urðunarstaðarins. Gert sé ráð fyrir að magn mengandi efna í sigvatni sé sá þáttur sem þurfi að vakta og sé það ætlun framkvæmdaraðilans.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra bendir á að þar sem Umhverfisstofnun veiti starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn sé eðlilegt að Umhverfisstofnun annist einnig vöktun.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða urðunarsvæði sveitarfélagsins Langanesbyggð sem staðsett er við Bakkafjörð. Með hámarksnotkun urðunarsvæðisins, samkvæmt starfsleyfisumsókn, er gert ráð fyrir að svæðið dugi a.m.k. til ársins 2028 en áætlað heildarmagn urðaðs úrgangs geti þá orðið allt að 3200 tonn. Á svæðinu verður urðað sorp frá heimahúsum og fyrirtækjum að undanskyldum spilliefnum né grófum úrgangi timbri, brotamálmum, garðaúrgangi, hjólbörðum, gleri, postulíni og heyrúlluplasti sem sé flutt úr sveitarfélaginu til frekari vinnslu.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og tölulíð 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun tekur undir með umsagnaraðilum um að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði óveruleg. Um er að ræða svæði þar sem urðun hefur farið fram undanfarin 20 ár og hefur verið sótt um endurnýjun starfsleyfis til 16 ára fyrir sama magn og heimilað hafi verið í starfsleyfi undanfarin 10 ár. Urðunarsvæðið er ýmist raskað eða lítt gróið.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Langanesbyggðar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð breyting á urðunarsvæði við Bakkafjörð í Langanesbyggð sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Langanesbyggðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 772/2012 og starfsleyfi Umhverfisstofnunar í samræmi við ákvæði í eftirtöldum lögum og reglugerðum: Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, lög nr. 55/2003 um


meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest Aðalskipulag Langanesbyggðar og deiliskipulag. Skipulagsbreytingarnar eru háðar lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Langanesbyggð og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 4. mars 2013.

Rut Kristinsdóttir



Þóroddur F. Þóroddsson

Skipulagsstofnun